

Ellefti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki
mánudaginn 15. desember 2025, klukkan 17:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þróstur
Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð. Halldóra Ágústa Pálsdóttir, verkefnisstjóri
hjá KPMG situr fundinn við liði 2. og 3.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Uppfærðar reglur

Oddviti leggur fram eftirfarandi reglur uppfærðar með vísan til 3. liðar fundargerðar
sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps frá 1.12.2025:

Heilsuefning eldri borgara og öryrkja í Eyja- og Miklaholtshreppi, gildir frá 1. janúar 2026.

*Frístundastyrkur vegna íþróttar- og tómstundaiðkunar til barna og ungmenna á aldrinum 3-18
ára, gildir frá 1. janúar 2026.*

Styrkir vegna aksturs barna í Eyja- og Miklaholtshreppi, gildir frá 1. janúar 2026.

Uppfærðar reglur eru samþykktar samhljóða.

2. Viðauki 4

Viðauki 4 við fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun 2025 lagður fram.

Í viðaukanum felst að áætlun um rekstrarkostnað vegna hreinlætismála er aukinn um 4,7 millj.
kr. vegna plastpressa, rekstrarkostnaður í sameiginlegum kostnaði er lækkaður um 40,0 millj. kr.
vegna frestunar á orkuskiptastyrk til íbúa til ársins 2026. Aðrar tekjur lækkaðar um 120,0 millj.
kr. í eignasjóði vegna frestunar á sölu Laugargerðisskóla til 2026. Vaxtatekjur eru hækkaðar um
8,1 millj. kr. í samræmi við áfallnar vaxtatekjur á bankareikningum. Í fjárfestingaáætlun er
áætluð lækkun vegna frestunar á sölu Laugargerðisskóla um 220 millj. kr. Handbært fé lækkar
vegna viðauka 4 um 145,6 millj. kr. og er áætlað að handbært fé verði í árslok 2025 177,0 millj.
kr.

Viðauki 4 er samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2026-2029, seinni umræða

Tekin til seinni umræðu fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029.

Áætlað er að heildartekjur fyrir A-hluta verði 426,1 millj. kr. og áætluð rekstrargjöld A-hluta án fjármagnsliða verði 250,7 millj. kr. Áætluð rekstarniðurstaða verði jákvæð um 187,1 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2027-2029.

4. Skrifstofa sveitarfélagsins

Varaoddviti leggur til að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð vegna jólaleyfis 22. desember 2025 til og með 7. janúar 2026.

Samþykkt samhljóða.

5. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Ársskýrslan lögð fram.

6. Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

7. Fundargerð 989. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

8. Fundargerð 990. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin, samþykkt og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 18:20.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Pröstur Aðalbjarnarson

Sigurbjörg Ellen Ottesen